

Vátryggingarskilmálar

SV-Trygging

HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR:

Félagið: Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita vátryggingu, hér OKKAR líftryggingar hf.

Vátryggingartaki: Sá sem gerir einstaklingsbundinn samning við félagið.

Vátryggður: Sá einstaklingur sem vátryggingin tekur til.

Vátryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt vátryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

Vátryggingarskírteini: Staðfesting félagsins á því að vátryggingarsamningur hafi verið gerður.

Réttahafi: Sá sem vátryggingartaki tilgreinir í vátryggingarsamningi og á rétt til þess að fá vátryggingarfjárhæðina greidda eftir að vátryggingaratburður hefur orðið.

Aðalgjaldagi: Aðalgjaldagi vátryggingarinnar er einu sinni á ári og er fyrsti dagur þess mánaðar sem vátryggingin tók upphaflega gildi í, nema um annað sé samið.

1. GR. SAMNINGURINN

Grundvöllur samningsins er skilmálar þessir, upplýsingar á umsóknareyðublaðinu, skriflegar upplýsingar og svör við spurningum læknis félagsins.

Ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 gilda um vátrygginguna að svo miklu leyti sem ekki er vikið frá þeim í skilmálum þessum.

2. GR. GILDISTAKA

Ef ekki er um annað samið hefst ábyrgð félagsins þegar félagið hefur móttekið útfyllta og undirritaða umsókn og aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vottorð liggja fyrir þannig að unnt sé að gefa út skírteini samkvæmt reglum félagsins um áhættumat og endurtryggingu.

Vátryggingartaki hefur 30 daga frest (iðrunarfrest) til þess að segja vátryggingunni upp frá þeim tíma er honum barst tilkynning frá félaginu um gildistöku samningsins.

3. GR. SVIK

Hafi vátryggingartaki eða vátryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína, svíksamlega eða með þeim hætti sem ekki telst óverulegur, hvað varðar atvik sem hafa þýðingu við mat félagsins á áhættunni, getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins falli niður eða að hluta, uppsögn samningsins eða hækkun iðgjalds, sbr. XIII. kafla laga nr. 30/2004.

4. GR. IÐGJALDAGREIÐSLUR

Iðgjöld skulu greidd á gjalddaga. Greiðslufrestur er minnst 30 dagar frá því að félagið sendir kröfu um greiðslu iðgjalds. Félaginu er heimilt að segja upp vátryggingarsamningi með skriflegri tilkynningu ef iðgjald hefur ekki verið greitt 30 dögum eftir gjalddaga. Í því tilviki skal vátryggingartaki hafa 14 sólarhringa frest til þess að greiða ógreitt iðgjald, en að öðrum kosti fellur tryggingin úr gildi, sbr. 96. gr. laga nr. 30/2004.

Ef iðgjald er ekki greitt á gjalddaga skal vátryggingartaki greiða dráttarvexti á iðgjaldi í vanskilum, og allan vanskilakostnað sem af vanefndum hans hljótask, þ.m.t. kostnað vegna vanefndatilkynninga og lögræðiinnheimtu.

Hafi ábyrgð félagsins samkvæmt vátryggingarsamningnum falli niður vegna vangoldinna iðgjalda en iðgjald hefur verið greitt fyrir eitt ár hið skemmsta, getur vátryggingartaki endurvakið vátrygginguna á grundvelli 97. gr. laga nr. 30/2004.

5. GR. HEIMILD VÁTRYGGINGARTAKA TIL UPPSAGNAR Á VÁTRYGGINGUNNI

Vátryggður getur sagt vátryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímanum. Vátryggingunni skal sagt upp skriflega.

Vátryggingartaki skal greiða iðgjald fyrir það tímabil sem félagið er í ábyrgð samkvæmt vátryggingunni.

6. GR. BÓTAGREIÐSLUR

Tryggingarupphæðin fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að skrifstofu félagsins í Reykjavík berast í hendur fullnægjandi sannanir fyrir greiðsluskyldu félagsins, þar með talið líftryggingarskírteinið og dánarvottorð.

7. GR. DÁNARBÆTUR BARNA

Ef lifandi fætt barn vátryggðs yngra en 3ja mánaða, andast á vátryggingartímanum greiðir félagið dánarbætur kr. 200.000.

Ef barn vátryggðs, 3ja mánaða til 18 ára gamalt, andast á vátryggingartímanum greiðir félagið dánarbætur kr. 500.000.

Bætur skv. grein þessari greiðast til kynforeldra barnsins. Sé barn ættleitt greiðast bætur til kjörforeldris/-foreldra og um leið fellur niður réttur kynforeldris/-foreldra ef lagatengsl þess við barnið hafa fallið niður samkvæmt 25. gr. laga nr. 130/1999 um ættleiðingu.

Greiðsla bóta skv. þessari grein hefur ekki áhrif á líftryggingu vátryggðs.

Ef bætur greiðast til fleiri en eins aðila vegna sama barns skiptast greiðslur jafnt milli aðila.

8. GR. TAKMÖRKUN Á ÁBYRGÐ FÉLAGSINS

Samningurinn fellur úr gildi ef líftryggður sviptir sig lífi innan eins árs frá útgáfudegi skírteinisins.

Dánarbætur barna eru ekki greiddar vegna andláts sem sannanlega má rekja, beint eða óbeint, til ástands barnsins fyrir töku vátryggingarinnar. Um ættleidd börn gildir ennfremur, að félagið er ekki bótaskyldt, ef hægt er að rekja andlát til ástands, sem barnið var haldið áður en það var ættleitt.

9. GR. VÍSITÖLUBINDING VÁTRYGGINGAFJÁRHÆÐA OG IÐGJALDS

Trygging samkvæmt skírteini þessu er vísitölubundin og skal vísitala neysliverðs, sem er í gildi á útgáfudegi líftryggingarskírteinis skráð á skírteinið sem grunnvísitala þess.

Ennfremur breytist tryggingarupphæðin innan hvers tryggingarárs ársfjórðungslega. Tryggingarupphæð hvers ársfjórðungs finnst með því að margfalda tryggingarupphæð með hlutfalli milli vísitölu neysliverðs í byrjun ársfjórðungs og vísitölu í upphafi tryggingarárs. Tryggingarupphæðin verður þó aldrei lægri en í upphafi tryggingarárs.

Sé vísitala neysliverðs í upphafi tryggingarárs lægri en grunnvísitala skal iðgjald þess tryggingarárs vera grunniðgjaldið. Tryggingarupphæð skal hækka eða lækka að næsta heila þúsundi.

Trygging samkvæmt skírteini þessu heldur verðgildi sínu að viðbætti þeirri hækkun á vísitölu neysliverðs, sem orðið hefur frá gunn vísitölu þess. En til að mæta auknum dánarlíkum með hækkandi aldri þess sem tryggður er, hækka iðgjöld eftir hver 10 ár í samræmi við iðgjaldaskrá félagsins.

10. GR. FYRNING

Um fyrningu bótakrafna fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

11. GR. HLOTDEILD Í HAGNAÐI

Váttryggingartaki hefur rétt til hlutdeildar í hagnaði (bónus) eftir reglum félagsins sem samþykktar skulu af Fjármálaeftirlitinu.

12. GR. GILDISTÍMI VÁTTRYGGINGARINNAR

Trygging endurnýjast ekki eftir að hinn tryggði hefur náð 70 ára aldri.

13. GR. ÁGREININGUR UM BÓTASKYLDU

Ágreining um bótaskyldu félagsins má leggja fyrir Tjónanefnd váttryggingarfélaganna, málskotsaðila að kostnaðarlausu. Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um nefndir þessar og starfshætti þeirra veitir félagið.

Þjónusta þessara aðila eða málskot til þeirra skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

14. GR. MÁLSMEÐFERÐ

Mál sem kunna að rísa vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar nr. GL1041
Gilda frá og með 01.01.2006
Var áður GL167